

Reykholahreppur  
Bogi Kristinsson Magnusen  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykholahrepps  
Maríutröð 5a  
380 Reykholahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. mars 2015  
UST201502-666/K.S.J.  
10.04.03

**Efni:** Tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Fremri Gufudalur, Reykholahreppur.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykholahrepps er barst 27. Febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Fremri Gufudalur.

#### Tillaga að breytingu


Í greinargerð kemur fram að tillaga að deiliskipulagsbreytingu felur í sér að ný íbúðarhúsalóð er skilgreind innan skipulagstillögusvæðisins. Vegna nýju lóðarinnar er skipulagsmörkum hnikað lítillega og stækkar svæðið því úr 21,5 ha í 22,3 ha.


#### Fráveita

Í greinargerð kemur fram að rotþró sé í 25 m fjarlægð frá hinum nýja byggingarreit og að skuli vera í samræmi við reglur heilbrigðisyfirvalda. Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal uppfylla kröfum reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur